



Kópavogsbær

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 25. mars 2025  
**25032682/502.01 GEF**

**Efni: Samkomulag um breytt fyrirkomulag vegna byggingu á hjúkrunarheimili v/Kópavogsbraut.**

Hjálögð eru drög að samkomulagi milli Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Kópavogsbæjar um breytt fyrirkomulag vegna byggingar á hjúkrunarheimili við Kópavogsbraut.

Í samkomulaginu er fallið frá fyrra fyrirkomulagi um 15% þátttöku Kópavogsbæjar við byggingu á hjúkrunarheimili en í stað þess afhendir Kópavogsbær lóð, ríkinu að kostnaðarlausu. Þó er gert ráð fyrir greiðslu gatnagerðargjalds.

Jafnframt er sú breyting gerð að í skipulagsvinnu verði skoðað stærra svæði undir starfseminu, þ.m.t. land í eigu ríkisins, til að tryggja betri heildarsýn og þann möguleika á að samnýta húsnæði með annarri starfsemi, s.s. Arnarskóla. Þá er gert ráð fyrir deild fyrir fólk 60 ára og yngri, sem er breyting frá fyrri viljayfirlýsingu.

Við undirritun samkomulagsins mun viljayfirlýsing, dags. 12. janúar 2022, falla úr gildi.

Virðingarfyllst,

*Guðrún Edda Finnbogadóttir*

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

